

157. löggjafarþing 2025.
Þingskjal x — x. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á ýmsum lögum (kæru- og úrskurðarnefndir).

Frá forsætisráðherra.

I. KAFLI

Breyting á lögum um útlendinga, nr. 80/2016, með síðari breytingum.

1. gr.

4. málsl. 6. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Hann tryggir nefndinni skrifstofuaðstöðu og aðgang að starfsfólki til undirbúnings úrlausnar mála auk almennra skrifstofustarfa í samræmi við samþykktar fjárheimildir.

II. KAFLI

Breyting á lögum um úrskurðarnefnd velferðarmála, nr. 85/2015, með síðari breytingum.

2. gr.

3. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Forstöðumaður tryggir nefndinni skrifstofuaðstöðu og aðgang að starfsfólki til undirbúnings úrlausnar mála auk almennra skrifstofustarfa í samræmi við samþykktar fjárheimildir.

III. KAFLI

Breyting á lögum um yfirskattanefnd, nr. 30/1992, með síðari breytingum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Orðin „og hefur aðsetur í Reykjavík“ í 1. málsl. falla brott.
- b. 2. málsl. fellur brott.

4. gr.

Í stað orðanna „á vefsíðu sinni“ í 1. málsl. 14. gr. laganna kemur: með aðgengilegum og skipulegum hætti.

5. gr.

17. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Aðgangur að starfsaðstöðu og starfsfólki.

Formaður tryggir nefndinni skrifstofuaðstöðu og aðgang að starfsfólki til undirbúnings úrlausnar mála auk almennra skrifstofustarfa í samræmi við samþykktar fjárheimildir.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, nr. 130/2011, með síðari breytingum.

6. gr.

3. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Forstöðumaður tryggir nefndinni skrifstofuaðstöðu og aðgang að starfsfólki til undirbúnings úrlausnar mála auk almennra skrifstofustarfa í samræmi við samþykktar fjárheimildir.

V. KAFLI

Breyting á lögregluglögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum.

7. gr.

6. málsl. 2. mgr. 35. gr. laganna orðast svo: Formaður tryggir eftirlitsnefndinni skrifstofuaðstöðu og aðgang að starfsfólki til undirbúnings úrlausna mála auk almennra skrifstofustarfa í samræmi við samþykktar fjárheimildir.

VI. KAFLI

Breyting á lögum um vandaða starfshætti í vísindum, nr. 70/2019, með síðari breytingum.

8. gr.

Orðin „og sér nefndinni fyrir skrifstofuaðstöðu og starfsfólki“ í 3. mgr. 5. gr. laganna falla brott.

9. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Starfsaðstaða og starfsfólk fyrir nefndina.

Formaður tryggir nefndinni starfsaðstöðu og aðgang að starfsfólki til undirbúnings úrlausnar mála auk almennra skrifstofustarfa í samræmi við samþykktar fjárheimildir.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 2026.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarpið er samið í forsætisráðuneytinu og miðar að því markmiði að gera nefndunum sem ætlunin er að taki þátt í stofnun nefndahúss kleift að semja við forráðamenn hússins um skrifstofuaðstöðu og aðgang að starfsfólki til undirbúnings úrlausnar mála auk almennra skrifstofustarfa.

Er það hluti af þeirri fyrirætlun að bæta umgjörð, aðstöðu og aðbúnað í starfsemi stjórnsýslunefnda í sameinuðu nefndahúsi sem ætlunin er að setja á fót með stofnun ráðuneytisstofnunar á grundvelli heimildar í 17. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011.

2. Tilfni og nauðsyn lagasetningar.

Í mars 2023 ákvað þáverandi ríkisstjórn að setja á fót starfshóp þriggja ráðuneyta, forsætisráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins, til að gera tillögur um bættu þjónustu, aukið gagnsæi og skilvirkni stjórnsýslunefnda. Jafnframt var

starfshópnum falið að greina tækifæri til aukins samreksturs og samþættingar nefnda. Ein af tillögum starfshópsins fjallaði um að bæta umgjörð, aðstöðu og aðbúnað í starfsemi stjórnsýslunefnda. Laut það einkum að því að skoða möguleika á að nefndir samnýttu húsnæði og að verkefni stjórnsýslunefnda væru færð í miðlægan rekstur.

Í janúar sl. skipaði forsætisráðherra hagræðingarhóp sem falið var að vinna tillögur til ríkisstjórnarinnar um hagræðingu og umbætur í ríkisrekstri á grunni samráðs við almenning um hagsýni í ríkisrekstri. Haggræðingarhópurinn tók upp tillögu starfshópsins og lagði til að Stjórnarráðið kæmi úrskurðar- og kærunefundum í sameiginlegt húsnæði („Hús nefndanna“) sem veitti aðstöðu, stuðning og utanumhald fyrir slíka starfsemi þvert á málaflokkka. Tók hópurinn fram að með þessu skapaðist grundvöllur fyrir hagræðingu í húsnæði og samnýtingu mannauðs, en einnig í upplýsingakerfum og annarri stoðþjónustu.

Þá má nefna að dr. jur. Páll Hreinsson skilaði skýrslu til forsætisráðuneytisins í desember 2019 um sjálfstæðar stjórnsýslunefndir þar sem er að finna úttekt á starfsemi sjálfstæðra úrskurðarnefnda og tillögur um viðmið við mat á því við hvaða aðstæður sé réttlætanlegt að setja á stofn sjálfstæðar úrskurðarnefndir og hvenær rétt sé að leggja niður einhverjar nefndir eða sameina og/eða færa verkefni að nýju inn í ráðuneyti.

Við stofnun nefndahús skapast ýmis tækifæri. Má þar nefna samþættingu málaskráa, meiri hreyfanleika starfsmanna hvað varðar þau verkefni sem þeir sinna og samræmingu á vinnubrögðum (verkferlum) nefndanna. Einnig leiðir slík samnýting að öllum líkindum til hagræðingar reksturs þar sem hægt er að samnýta húsnæði, tæki, mótuneyti, þríf og innkaup svo eitthvað sé nefnt. Þá skapast einnig tækifæri til að samnýta ýmsa sérfræðinga, svo sem lögfræðinga, fjármálastjóra, tölvufræðinga, mannauðsstjóra, skjalastjóra, ritara og prófarkalesara.

Í tengslum við útfærslu á stofnun nefndahúss hafa fulltrúar forsætisráðuneytisins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins átt viðræður við formenn fjögurra stærstu úrskurðarnefndanna um þátttöku í slíku nefndahúsi, þ.e. yfirskattanefnd, úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, úrskurðarnefnd velferðarmála og kærunefnd útlendingamála. Einnig hefur verið haft samráð við hlutaðeigandi ráðuneyti um þessa fyrirætlan.

Í viðræðum við formenn nefndanna og ráðuneytin hefur kom fram að nokkrar fleiri nefndir gætu átt heima í nefndahúsi m.a. út frá sjónarmiðum um skyldleika verkefna. Um er að ræða þessar ellefu nefndir: Kærunefnd útboðsmála, yfirfasteignamatnefnd, úrskurðarnefnd raforkumála, kærunefnd jafnréttismála, nefnd um undanþágu frá beitingu nauðungar, nefnd um eftirlit með störfum lögreglu, kærunefnd húsamála, nefnd um vandaða starfshætti í vísindum, áfrýjunarnefnd samkeppnismála, áfrýjunarnefnd neytendamála auk úrskurðarnefndar upplýsingamála.

Aðrar kær- og úrskurðarnefndir sem fást við að leysa úr réttarágreiningu milli tveggja eða fleiri aðila gætu einnig til lengri tíma litið góðs af þjónustu nefndahúss. Þar er um að ræða þessar ellefu nefndir: Sérfræðinefnd um breytingar á kynskráningu barna o.fl., matsnefnd eignarnámsbóta, mannanafnarnefnd, bótanefnd um greiðslu bóta til þolenda afbrota, úrskurðarnefnd kosningamála, áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema, málskotsnefnd Menntasjóðs námsmanna, áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar, úrskurðarnefnd höfundarréttarmála, úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála og kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Þess má geta að á undanförunum árum hefur verið unnið að sameiningum nefnda og samstarfi þeirra í milli. Þannig voru kærunefnd barnaverndarmála, kærunefnd greiðsluaðlögunarmála, úrskurðarnefnd almannatrygginga, úrskurðarnefnd atvinnuleysisstrygginga og vinnumarkaðsaðgerða, úrskurðarnefnd félagsþjónustu og

húsnæðismála og úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála sameinaðar í upphafi árs 2016 í úrskurðarnefnd velferðarmála. Þá eru yfirséttarnefnd og úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála í sama húsnæði og nýta sameiginlega aðstöðu þar, auk þess sem að yfirséttarnefnd annast einnig rekstur kærunefndar útboðsmála. Þá áformar félags- og húsnæðismálaráðherra að flytja frumvarp á yfirstandandi þingi um að verkefni nefndar um undanþágu frá banni við beitingu nauðungar verði færð til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Loks má nefna að undirbúningur að stofnun nefndahúss er kominn vel á veg. Fjármála- og efnahagsráðuneytið fól Framkvæmdasýslu – Ríkiseigna í kjölfar samþykktar ríkisstjórnar í mars sl. að gera þarfagreiningu og finna hentugt húsnæði fyrir nefndahús. Þá var ráðinn verkefnisstjóri til að leiða vinnu við stofnun nefndahúss. Einnig fóru fulltrúar forsætisráðuneytisins ásamt verkefnisstjóranum í ferðir til Danmerkur og Noregs í júní sl. til að kynna sér starfsemi sambærilegra nefndahúsa.

3. Um nefndahús í Noregi og Danmörku.

Á Norðurlöndunum þekkist að stjórnarsýslunefndir séu hýstar á einum stað. Í Danmörku og Noregi fara sérstakar stofnanir með umsýslu á borð við starfsmannahald, samrekstur og almenna umgjörð nefnda, sem eru samt sem áður sjálfstæðar í störfum sínum og ákvarðanatöku.

Noregur.

Í Noregi eru starfandi um 50 sjálfstæðar kærunefndir (*n. klagenemnder*). Á undanförunum árum hefur skrifstofuþjónusta fyrir nokkrar af þessum nefndum verið sameinuð í þrjá mismunandi kjarna.

Hinn 1. apríl 2017 var komið á fót sameiginlegri skrifstofu sem heyrir undir atvinnulífs- og sjávarútvegsráðuneytið (*n. nærings- og fiskeridepartementet*). Starfsmenn skrifstofunnar eru um 30, þar af 25 lögfræðingar. Ráðgert er að nefndirnar verði níu í árslok 2025, þ.e. kærunefnd útboðsmála, samkeppniskærunefnd, fjölmiðlakærunefnd, happdrættisnefnd, orkukærunefnd, markaðsráð, kærunefnd er fjallar um ágreining vegna eftirlits með sjálfseignarstofnunum, kærunefnd vegna skráningar frjálsra félagasamtaka og kærunefnd vegna fjármálaeftirlits.

Þótt skrifstofan heyrir undir eitt tiltekið ráðuneyti þá þjónar hún og er fjármögnuð af mismunandi ráðuneytum. Samkvæmt stefnu skrifstofunnar, sem birtist í ársskýrslu fyrir árið 2022, er stefnt að því að starfsmenn verði um 50 á næstu fimm árum og að með því móti verði hægt að ná fram betri nýtingu á fjármunum og að því er varðar faglega þjónustu.

Allir nefndarmenn eru í aukastarfi og nefndirnar funda eingöngu með aðstoð fjarfundarbúnaðar enda nefndarmenn búsettir víðs vegar um Noreg. Þó er haldinn einn staðarfundur á ári til að nefndarmenn geti hist í eigin persónu með starfsfólki. Starfsmenn eru ráðnir af skrifstofunni og þar af eru 5-6 starfsmenn sem starfa miðlægt og koma ekki að úrskurðavinnu heldur sinna stjórnun, skjalavörslu, fjármálum og mannauðsmálum. Fjármunir til starfseminnar eru að hluta til miðlægt hjá atvinnulífs- og sjávarútvegsráðuneytinu en að hluta til koma þeir árlega frá þeim ráðuneytum sem bera ábyrgð á viðkomandi kærunefnd. Ávinningur hefur verið fjárhagslegur, en einnig fagleg samlegðaráhrif. Þá hafa gæði lögfræðivinnu fyrir slíkar nefndir aukist og dregið úr hættu á að tiltekna nefndir eða málefni séu vanrækt, vegna þess að alltaf er einhver staðgengill til staðar til að sinna nauðsynlegum verkefnum nefndanna. Fyrirkomulagið hentar til að geta lagað sig að aðstæðum hjá hverri nefnd þar sem það geta verið sveiflur í málafjölda tiltekinna nefnda og þá er unnt að færa starfsfólk til eftir þörfum.

Mörkuð hefur verið sú stefna að meðferð mála taki að hámarki þrjá mánuði. Krafa um fjárframlag frá viðkomandi ráðuneyti vegna tiltekinnar nefndar miðast við þetta. Þannig að ef ráðuneyti fjármagnar ekki nefnd í samræmi við þessa stefnu þá tryggir nefndahúsið ekki tímanlega afgreiðslu mála. Rík áhersla hefur verið lögð á að um fyrirmyndar þekkingarvinnustað sé að ræða og samstarf við háskóla er til dæmis öflugt. Margar kærunefundanna fást við flókin svið EES-réttar og vinnustaðurinn býður því upp á krefjandi verkefni. Loks má nefna að allar nefndirnar nota sama tölvukerfi, sem var valið í kjölfar útboðs.

Til viðbótar er í Bergen starfrækt kærumiðstöð vegna heilbrigðisþjónustu (*n. Nasjonalt klageorgan for helsetjenesten*). Þar eru fjórar kærunefndir þjónustaðar: Lyfsölunefnd, kærunefnd vegna meðferðar erlendis, sjúklingatjónsnefnd og kærunefnd fyrir starfsmenn í heilbrigðisþjónustu ríkisins. Miðstöðin fer jafnframt með fyrirsvar fyrir ríkið í málum sem rekin eru fyrir sjúklingatjónsnefndinni og í framhaldinu á öllum dómstigum ef til þess kemur. Starfsmenn eru 170 og eru þrír fjórðu af þeim lögfræðingar.

Loks eru nokkrar kærunefndir hjá sérstöku stjórnvaldi á málefna sviði dómsmálaráðuneytisins (*n. Sivilrettsforvaltningen*). Þetta eru nefnd um bætur til fórnarlamba ofbeldisbrota, samgirnissbótanefnd Stórþingsins, kærunefnd í barnaverndarmálum og kærunefnd vegna bóta fyrir tjón af völdum andlegs álags er fylgir þátttöku í alþjóðlegum aðgerðum. Sama stjórnvald þjónar einnig nokkrum ráðgefandi stjórnsýslunefndum. Um 80 starfsmenn starfa hjá Sivilrettsforvaltningen en stofnunin hefur aðsetur í Ósló.

Danmörk.

Árið 2015 var ákveðið að safna nokkrum nefndum saman í Viborg á Jótlandi. Var það hluti af ríkisstjórnarstefnu sem bar nafnið *Bedre Balance I* og gekk út á að færa störf frá höfuðborginni út á land. Hinn 1. janúar 2017 var síðan Hús nefndanna (*d. Nævnenes hus*) opnað í borginni sem sérstök stofnun. Nefndirnar komu frá ólíkum ráðuneytum, þ.e. umhverfis- og matvælaráðuneytinu, barnamálaráðuneytinu, kennslu- og jafnréttismálaráðuneytinu, atvinnulífs- og hagvaxtarráðuneytinu auk birgða- og loftslagsráðuneytisins. Starfsmenn eru um það bil 200, flestir lögfræðingar.

Með því að safna nefndunum saman undir eina stjórn skapaðist tækifæri til að bjóða uppá stöðugt, faglegt umhverfi fyrir nefndirnar og jafnframt að bæta málsmeðferð þeirra. Nú þjónar nefndahúsið samtals um 20 nefndum.

Nefndahúsið heyrir undir atvinnulífs- og hagvaxtarráðuneytið og samkvæmt stefnu stofnunarinnar er markmiðið að meðalmálsmeðferðartími hjá nefndunum sé sex mánuðir.

Nefndahúsið fær árlega úthlutað heildarfjárveitingu til reksturs skrifstofunnar og óverulegur hluti rekstursins er kostaður með gjaldtöku. Kostnaðurinn af rekstri nefndahússins skiptist því ekki á milli ráðuneyta sem bera ábyrgð á nefndum sem heyra undir nefndahúsið, eins og er í Noregi, þótt verulegur hluti þeirrar löggjafar sem nefndirnar vinna samkvæmt heyri undir mismunandi ráðuneyti. Þessu fyrirkomulagi fylgir sú áskorun helst að þörfin á auknum fjárveitingum til nefndahússins er oft vanmetin samhliða setningu nýrrar löggjafar sem nefndunum er ætlað að vinna eftir.

4. Meginefni frumvarpsins.

Áformað er að nýta heimild í lögum um Stjórnarráð Íslands til að koma á fót ráðuneytisstofnun í forsætisráðuneytinu. Með því móti er nýtt heimild sem þegar er fyrir hendi í lögum og nefndahúsinu komið á fót án þess að sett séu heildarlög um starfsemina.

Samhliða því er í frumvarpi þessu lagðar til breytingar á lögum sem fjalla um þær nefndir sem ætlunin er að taki þátt í stofnun nefndahúss og miða að því að gera nefndunum kleift að

semja við forráðamenn hússins um skrifstofuaðstöðu og aðgang að starfsfólki til undirbúnings úrlausnar mála auk almennra skrifstofustarfa.

Þegar reynsla er komin á starfsemi nefndahúss kann þó að vera ástæða til að taka afstöðu til þess hvort rétt sé að bjóða fleiri kær- og úrskurðarnefndum þátttöku í nefndahúsinu og jafnframt hvort ástæða sé til að breyta rekstrarformi nefndahúss og setja heildarlög um starfsemina.

5. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið felur ekki í sér álitæfni sem kallar á sérstaka umfjöllun um samræmi þess við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar, enda er einvörðungu um að ræða tillögur að lagabreytingum sem miða að því að gera starfsemi nefndahúss skilvirka og í því skyni samræma ákvæði laga sem fjalla um þær nefndir sem munu taka þátt í stofnun nefndahúss.

6. Samráð.

Sjá umfjöllun í kafla 1 um starfshóp sem settur var á fót til að fjalla um málefnið og annað samráð á fyrri stigum undirbúnings að stofnun nefndahúss.

(Í vinnslu – áform / frumvarp í samráðsgátt).

7. Mat á áhrifum.

Afleiðingar af samþykkt frumvarps fyrir almannahagsmuni og helstu hagsmunaaðila.

Áhrif á stjórnsýslu ríkisins og sveitarfélaga.

Fjárhagsmat.

Mat á jafnréttisáhrifum.

Mat á áhrifum á persónuvernd.

Endursögn þess sértæka mats á áhrifum sem farið hefur fram.

Rökstutt hvers vegna ávinningur af samþykkt frumvarpsins sé meiri en hugsanleg neikvæð eða íþyngjandi áhrif þess.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. – 6. gr.

Markmiðið er að starfsmenn þeirra nefnda sem taka munu þátt í stofnun nefndahúss flytjist til hússins og verði starfsmenn þess, eftir því sem nánar verður útfært og tímasett. Í samræmi við það er lagt til að ákvæðum laga sem fjalla um nefndirnar og kveða á um starfsmenn þeirra verði breytt í þá veru að gera nefndunum kleift að semja við nefndahúsið um starfsaðstöðu og aðgang að starfsmönnum nefndahússins taki viðkomandi nefnd, í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti, ákvörðun um að verða hluti af nefndahúsinu.

Fyrirhugað er að birting úrskurða þeirra nefnda sem taka munu þátt í stofnun nefndahússins verði á verksviði hússins fyrir hönd nefndanna en ekki á vefsíðum hverrar og einnar nefndar fyrir sig. Af þeirri ástæðu er lagt til að breyta ákvæði laga um yfirskattanefnd sem fjallar um vefsíðu nefndarinnar til samræmis við ákvæði annarra laga sem fjalla um nefndir sem ætlunin er að taki þátt í stofnun nefndahúss og mæla fyrir um að slík birting sé aðgengileg og með skipulögðum hætti. Fellur slík birting úrskurða vel að öðrum fyrirhuguðum verkefnum nefndahússins við að þjónusta nefndirnar, kjósi þær að taka þátt í nefndahúsinu. Þá er lagt til að ekki sé í lögum um yfirskattanefnd mælt fyrir um staðsetningu nefndarinnar í Reykjavík. Er það í samræmi við ákvæði 2. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011 þar sem mælt er fyrir um þá meginreglu að það sé í valdi hvers ráðherra að kveða á um aðsetur stofnana sem undir þá heyra.

Þrátt fyrir að miðað sé við að starfsmenn færist frá nefndunum til nefndahússins er ekki nauðsynlegt að mæla sérstaklega fyrir um boð til starfsmanna nefndanna um að flytjast til ráðuneytisstofnunarinnar eins og almennt er þegar lög kveða á um niðurlagningu stofnana og sameiningu þeirra. Byggir það á þeim rökum að ekki er fyrirhugað að leggja nefndirnar niður og jafnframt er ætlunin að nýta heimild í lögum um Stjórnarráð Íslands til að setja á fót ráðuneytisstofnun (nefndahús). Því er unnt að bjóða starfsmönnum nefndanna að flytjast varanlega til hinnar nýju stofnunar á grundvelli heimildar í 2. mgr. 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, án frekari lagasetningar. Eftir er að útfæra í hvaða skrefum tilfærsla starfsmanna muni eiga sér stað og verður gætt að góðu samráði við nefndirnar og starfsmennina í því efni. Reynslan frá Noregi og Danmörku gefur vísbendingar um að skynsamlegt sé til lengri tíma að starfsmenn kær- og úrskurðarnefnda séu ráðnir inn miðlægt til þess að skapa sem bestar forsendur fyrir samheldni á vinnustað og að unnt sé að færa starfsmenn til eftir verkefnaálagi og óskum þeirra.

Um 7. – 9. gr.

Auk þeirra fjögurra kærunefnda sem fjallað er um í 1. til 6. gr. er lagt til í 7. til 9. gr. að ákvæðum tveggja annarra laga sem fjalla um stjórnsýslunefndir, sem ætlunin er að taki þátt í stofnun nefndarhússins, verði breytt á sama veg og með sömu rökum og fram koma í 1. til 6. gr. og í umfjöllun um þær greinar.

Þá er fyrirhugað að níu aðrar stjórnsýslunefndir sem fjallað er um í upplýsingalögum, lögum um stjórnsýslu jafnréttismála, lögum um opinber innkaup, raforkulögum, lögum um skráningu, merki og mat fasteigna, lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, samkeppnislögum, húsaleigulögum og lögum um Neytendastofu taki þátt í stofnun nefndahússins en krefjast ekki lagabreytinga.

Um 10. gr.

Lagt er til að þrátt fyrir að lögin taki þegar gildi komi þau ekki til framkvæmda fyrr en nokkru síðar. Skapar það svigrúm til að standa vel að þeim undirbúningi sem nauðsynlegur er við stofnun nefndahússins. Má þar einkum nefna að setja á fót hina fyrirhuguðu ráðuneytisstofnun, finna henni húsnæði við hæfi, leggja grunn að sameiginlegu tölvukerfi og ekki síst að undirbúa vel flutning starfsmanna nefnda eftir því sem samkomulag tekst um.